

M-11/2009. Álit 18. mars 2009

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. mars 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-11/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann segir vera á sjónvarpi sem hann keypti hjá versluninni Y. Gerir hann kröfu til þess að seljandi greiði kostnað við viðgerð á sjónvarpinu, kr. 18.123.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 26. febrúar sl., gaf kærunefndin Y kost á andsvörum og bárust þau 6. mars. Með bréfi, dags. 9. mars var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 16. mars. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 17. mars sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt sjónvarpstækið 4. nóvember 2006 fyrir kr. 123.590 með virðisaukaskatti. Samkvæmt reikningi fyrir kaupunum er tækið af gerðinni A 32" og kostaði kr. 120.698. Álitsbeiðandi segir sjónvarpið hafa bilað 7. febrúar 2009 eða tveimur árum og þremur mánuðum eftir kaupdag. Hann hafi farið með tækið á verkstæði seljanda tveim dögum seinna sem síðar hafi haft samband við sig og sagt að bilun væri í spennugjafa tækisins og kostnaður við viðgerð væri kr. 15-20.000. Hinn 13. febrúar hafi sér verið sagt að viðgerð væri lokið og kostað hún kr. 18.123. Seljandi hafi sagt að ábyrgð á tækinu væri aðeins tvö ár frá kaupdegi. Álitsbeiðandi kveðst hafa haldið því fram að sjónvarpstæki ættu að hafa lengri endingartíma og féllu því undir fimm ára kvörtunarfrest samkvæmt neytendakaupalögum. Því hafi seljandi neitað. Álitsbeiðandi kveðst hafa greitt viðgerðarkostnaðinn með fyrirvara.

Í tilkynningu álitsbeiðanda til seljanda sem álitsbeiðninni fylgdi, dags. 13. febrúar sl., segir að kostnaðurinn sé greiddur með fyrirvara um úrskurð kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa varðandi ábyrgðartíma á sjónvarpstækinu.

IV

Andsvör gagnaðila

Andsvör gagnaðila eru svohljóðandi:

„Í þessu tilfelli var gert við bilun í spennugjafa, spennugjafinn tekur á móti 220v og deilir þeim niður á aðra hluta tækisins. Bilun í spennugjafa stafar í flestum tilfellum af truflunum á spennu inn á tækið þegar spenna verður annað hvort lægri eða hærri en 220v.

Það hefur verið töluvert um þetta í vetur og menn sjá þegar ljós blikka. Einnig getur þetta stafað af því þegar eitthvert rafmagnstæki í húsinu tekur of mikinn straum, tæki eru misnægð fyrir þessu.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Samkvæmt gögnum málsins er óumdeilt að spennugjafi í sjónvarpstæki álitsbeiðanda bilaði og var gert við hann. Seljandi segir þessa bilun stafa af truflunum á spennu rafmagns sem inn á sjónvarpstækið fari. Ekki er ástæða til þess að draga þá skýringu í efa en hún breytir samt ekki því að bilun varð í tækinu sjálfu. Aðilar sýnast ekki deila um það heldur hvorum þeirra beri að greiða fyrir viðgerðina. Kærunefndi álitur að á sjónvarpstækinu hafi verið galli í skilningi 15. og 16. gr. neytendakaupalaganna enda hafi sjónvarpið átt að þola það að einhverjar breytingar yrðu á spennu rafmagnsins. Ekki er sérstaklega upplýst um það að spenna á rafmagni til heimila hafi á þeim tíma er sjónvarpið bilaði verið breytilegri en gengur og gerist og venjuleg heimilistæki eiga að þola. Um þessa bilun verður álitsbeiðanda ekki kennt.

Í 1. málslíð 3. gr. neytendakaupalaga segir að ekki sé heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögunum. Þetta þýðir að kaupandi á að lágmarki rétt á því að seljandi bæti, í samræmi við ákvæði laganna, úr þeim göllum sem reynast vera á söluhlut. Samningar um minni rétt að þessu leyti eru því ógildir og hafa ekki þýðingu í viðskiptum en hins vegar eru gildir samningar um ríkari rétt en lögin kveða á um.

Í 27. gr. neytendakaupalaganna, nr. 48/2003, segir m.a. eftirfarandi:

„□Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann var galla var.

□Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla í fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka ...“

Í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a.:

„Mat á því hversu langur endingartími söluhlutur er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlutur er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur

verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími sölulutar er byggður á venjulegri notkun.“

Eðlilegur endingartími sjónvarps getur verið mismunandi eftir tegundum og einnig eftir því hvernig gerðar sömu tegundar sjónvarpið er. Verð það sem álitsbeiðandi greiddi fyrir sjónvarpið á sínum tíma bendir til þess að um u.þ.b. meðaldýrt sjónvarp hafi verið að ræða en ekki liggja þó fyrir sérstakar upplýsingar um það. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími sjónvarpa er það álit kærunefndarinnar að kaupandi megi búast við því að sjónvarp þeirrar gerðar sem hér um ræðir endist lengur án bilana en tvö ár og þrjú mánuði. Enda þótt í 27. gr. neytendakaupalaganna séu tilteknir tveir ákveðnir frestir, tvö ár og fimm ár, álitur kærunefndin að lagagreininna megi skýra þannig að í ákveðnum tilvikum sé kvörtunarfrestur lengri en tvö ár og bilun sem kemur fram skömmu eftir að sá tími er liðinn teljist vera á ábyrgð seljanda enda þótt sams konar bilun teljist ekki á ábyrgð seljanda komi hún fram seint á fimm ára frestinum. Með vísan til þess sem að framan er rakið af 27. gr. neytendakaupalaga og skýringum í greinargerð álitur kærunefndin að með tilliti til þess hve tiltölulega skammur tími var liðinn frá því að álitsbeiðandi keypti sjónvarpið þar til það bilaði hafi hann ekki glatað rétti til þess að bera fyrir sig gallann og seljandi eigi því að greiða kostnað af viðgerð sjónvarpsins eins og álitsbeiðandi gerir kröfu til.

VI

Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 18.123.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir